

Fundur í Háskólaráði

Dags. 20.10.2020

Staður og tími: Bifröst kl. 13:00

Málsnúmer: 2008013

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Margrét Vagnsdóttir, Sigrún Lilja Einarsdóttir, Arney Einarsdóttir og Sævar Finnbogason.

Fulltrúar nemenda: Bjarni Heiðar Halldórsson, Sigurður Baldvin Friðriksson, Júlíus Andri Þórðarson, Ragnheiður I. Sigurgeirsdóttir, Vignir Már Sigurjónsson og Hlynur Finnbogason.

Áheyrnaraðilar: Hafsteinn Sæmundsson, Stefán V. Kalmansson og Njörður Sigurjónsson

Fjarverandi:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - a. Lögð fram og samþykkt
2. Úttekt Bifrastar í næstu viku
 - a. Rektor kynnti þá vinnu sem hefur verið í gangi undir stjórn SVK. Í næstu viku verða tveir opnir fundir, annarsvegar fyrir mastersnema og hinsvegar grunnnema. Rektor hvatti nemendur til að taka þátt í fundunum.
 - b. SVK fór yfir þá vinnu sem hefur fram, kynnti dagskrá í úttektarviku og hvaða fulltrúar sitja hverju sinni á fundunum. Listinn var ekki staðfestur, enn átti eftir að fá svör frá örfáum aðilum.
3. Fjármál
 - a. HS fór yfir 9 mánaða uppgjör. Tekjur eru hærrí en gert var ráð fyrir í áætlunum. Vinna við fjárhagsáætlun næsta árs er hafin en tekið er mið af fyrstu 9 mánuðum yfirstandandi árs auk spár kennsluviðs um nemendaígildi næsta árs. Skólinn fékk um 7% hækkun á fjárlögum næsta árs og næsta skólaár lofar góðu.
4. Mál frá nemendum
 - a. LÍS verður með landsþing sitt á Bifröst eftir áramót og munu JAP vera í sambandi við þá aðila innan skólans sem þurfa að koma að skipulagningu þingsins.
 - b. Háskólagáttarnemar óska eftir að vinnuhelgar fyrir þeirra hóp verði í boði bæði í stað og fjarnámi.
5. Kennslukönnun
 - a. HLP fór yfir niðurstöður úr kennslukönnun af lotu I. Kennslukönnun kom heilt yfir vel út en framundan er vinna kennslustjóra og deildarforseta við að fara yfir útkomu í einstaka námskeiðum.
6. Skýrsla rektors um skólastarfið
 - a. Rektor fór yfir að lítið brottfall hefur verið við skólann.
 - b. Skólinn hefur hlotið jafnlaunavottun
 - c. Náíð samstarf við vinnumálastofnum, íslenska fyrir útlendinga á háskólastigi, Háskólagátt á ensku. Einnig er Master of disaster í undirbúningi en Áshildur



- Bernharðsdóttir og Magnús Skjöld munu halda utan um það námskeið í samstarfi við ríkislögreglustjóra, landsbjörg og slökkviliðiðin
- d. Sigurður Ragnarsson hefur sagt deildarforsetastöðu sinni lausri en Jón Snorri Snorrason mun sinna þeirri stöðu þetta skólaárið.
 - e. Skólinn að sækja um aðgöngu að alþjóðlegum samtökum fjarnámsskóla sem getur meðal annars opnað á fjölbreyttari leiðir að skiptinámi sem henta fjarnemum betur.
 - f. Innleiðing breytinga á kennsluviði til að auka þjónustu við deildir og nemendur. Hvert svið mun eiga sinn fulltrúa sem nemendur og kennarar geta leitað til
 - g. Nemendur í skapandi greinum eru að vinna í að endurvekja hefðina að bjóða nærsamfélagi, nemendum, kennurum og öðrum velunnurum í kaffisamsæti í desember.
 - h. Ætlunin er að taka ákveðnar íbúðir á svæðinu og gera þær þannig í stakk búnað að geta tekið á móti fólki til lengri eða skemmri tíma, hvort heldur er til að læra, skrifa eða skapa.
 - i. Nýsköpunarmiðstöð hefur verið leyst upp og verður verkefnum dreift á fleiri stofnani. Háskólinn á Bifröst á von á því að hljóta verkefni sem sjóðurinn hefur áður haft á sinni könnu.
 - j. Í lagadeildinni hefur verið starfandi ráðgjafi sem er að endurskoða laganámið í heild sinni. Starfsmaðurinn mun fara yfir vinnuna með stjórn skólans innan skamms.
 - k. Verið er að skoða nýtt húsnæði sem gæti hentað okkur betur í Reykjavík og vonir standa til að húsnæði í Húsi verslunarinnar gæti mögulega hentað okkur.
7. Önnur mál
- a. HF fagnaði því að skiptinemar hafi verið boðnir velkomnir á þessum tímum á Bifröst
 - b. HF Lagði til að nemendur yrðu hvattir til að nýta aðstöðuna á Bifröst til að læra en þangað er hægt að koma og nýta húsnæði í eigu skólans.

Fundi slitið kl. 13.58

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir